

**MINNISBLAÐ**  
**Um breytingu fjárfestingarsjóða í hlutafélög**

**A: Ný málsgrein bætist við 56. gr. og verður 4. mgr.**

„Sé fjárfestingarsjóði, sem gefur út hlutdeildarskírteini, slitið á þann hátt að honum er breytt í hlutafélag eða sameinast hlutafélagi og hlutdeildarskírteinishafar fái eingöngu hlutabréf í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir hlutdeild sína í verðbréfasjóðnum skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem lét hlutdeild sína af hendi. Þegar fjárfestingarsjóð er breytt í hlutafélag skal hlutafélagið, sem við tekur, taka við við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum fjárfestingarsjóðsins sem slitið var.“

**Greinargerð:**

Sé fjárfestingarsjóði eða verðbréfasjóði slitið með þeim hætti að því sé breytt í hlutafélag eða sameinast hlutafélagi er litið á slíkt sem sölu í skilningi skattalaga og getur því komið til skattlagningar á gengishagnaði vegna ávöxtunar sjóðsins. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera stöðu hlutdeildarskírteinishafa jafnsettan og þegar samruni hlutafélaga verður, þegar samvinnufélag sameinast hlutafélagi eða þegar samvinnufélagi er breytt í hlutafélag.

Nefna má sem dæmi að þegar hlutafélag sameinast öðru hlutafélagi og hluthafi fær eingöngu hlutabréf í sameinaða félaginu sem gagngjald fyrir hlutabréf í félaginu sem er slitið, leiðir það ekki til skattlagningar í hendi hluthafans. Sameiningin sem slík leysir ekki úr læðingi skattskyldu fyrir hluthafann. Skattskuldindingin, ef svo má að orði komast, hverfur þó ekki. Það getur komið til skattlagningar síðar.

Í almennum athugasemdum við lög nr. 30/1971, er breyttu 56. gr. laga nr. 75/1981, sagði m.a.

„,... [frv.] gerir ráð fyrir að samruni hlutafélaga, sem eingöngu er fólgin í algjörum samruna fjármuna og eigin fjár með skiptum á hlutabréfum en engum öðrum greiðslum til hluthafa í félagi, sem slitið er, skuli ekki leiða til skattskyldu við samrunann. Til skattskyldu getur komið þegar slík bréf í eftirlifandi félagi eru seld eða því félagi er slitið eftir reglum um söluhagnað.“ (Alþt. A-deild 1969, bls. 1892)Þá sagði í athugasemdum við 5. gr. laga nr.

30/1971

–,...að upp verði tekið ákvæði um, að samruni, sem eingöngu er fólgin í algjörum samruna fjármuna og eigin fjár með skiptum á hlutabréfum, en engum öðrum greiðslum milli hluthafa, skuli ekki leiða til skattskyldu. Þannig mundi raunveruleg eignaukning, sem ætti sér stað við slíkan samruna, koma á sínum tíma til skattlagningar við slit félags eða í formi söluhagnaðar við sölu hlutabréfa í hinu nýja félagi, þegar þar að kæmi.“ (Alþt. A-deild 1969, bls. 1895)

Það má orða þetta svo að hin skattalega „vígstaða“ er færð til –hin raunverulega eignaukning kemur til skatts síðar – við sölu hlutabréfa eða félagsslit.

Eins og fram hefur komið er verið að gera stöðu hlutdeildarskírteinishafa eins og staða hluthafa í hlutafélagi er við samruna við annað hlutafélag. Þetta gerir fjárfestingarsjóð kleyft að breyta rekstrarformi sínu án þess að komi til skattlagningar við það eitt að rekstrarformi er breytt. Það var einmitt ein ástæða þess að reglur um skattalega meðferð hlutabréfa við samruna hlutafélaga var fært í núverandi horf, þ.e. að skattareglur kæmu ekki í veg fyrir hagræðingu.

Tekið skal fram að ekki er verið að innleysa gengishagnað á þessum tímapunkti. Ríkissjóður mun ekki tapa skatttekjum vegna þessara breytinga.

Hlutdeildarskírteinishafinn fær eingöngu hlutabréf sem gagngjald fyrir hlutdeild sína í fjárfestingarsjóðnum. Hafi orðið gengishækkun í fjárfestingarsjóðnum er lagt til að sú gengishækkun komi til lækkunar stofnverði hlutabréfanna sem fást sem gagngjald. Rök fyrir þessari reglu er að koma í veg fyrir að hlutdeildarskírteinishafar komist hjá skattlagningu vegna gengishagnaðarins. Með lækkun á stofnverði bréfanna flyst skattskuldbinding yfir á hlutabréf og getur því komið til skattlagningar við sölu hlutabréfanna, sbr. breytingu sem lögð er til á 17. gr. laganna.

Þetta er tiltölulega einföld framkvæmd og sambærilegar reglur um lækkun stofnverðs er að finna í skattalögum. Til dæmis er í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981, fjallað um endurfjárfestingu lögaðila vegna söluhagnaðar hlutabréfa en við endurfjárfestingu er stofnverð bréfanna lækkað sem nemur söluhagnaðinum. Sama regla gildir um endurfjárfestingu vegna söluhagnaðar fyrmanlegra eigna. Einnig gildir sú regla hjá einstaklingum vegna sölu á íbúðarhúsnæði sem þeir hafa átt skemur en tvö ár færist söluhagnaður til lækkunar á stofnverði nýrrar eignar.

**B: Við 1. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981 bætist:**

Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili eignast við slit eða samruna fjárfestingarsjóðs og hlutafélags samkvæmt 56. gr., skal ákvarðast jafnt markaðsvirði hlutdeildarskírteina í fjárfestingarsjóðnum að frádregnum gengishagnaði skattaðilans í sjóðnum.

**Greinargerð:**

Kaupverð hlutabréfa sem fengin eru sem gagngjald fyrir hlutdeildarskírteini er ákvörðuð sem markaðsvirði hlutdeildar skattaðilans að frádregnum gengishagnaði. Þetta þýðir að gengishagnaðurinn kemur til skattlagningar síðar við sölu hlutabréfanna eða slit hlutafélagsins. Til nánari skýringar er vísað til athugasemda við brtt. við 56. gr. laganna, sbr. X. gr. frv. þessa.